

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu
Gildi samþættingar – nýir tímar – ný sýn

Fötluð börn og barnavernd Könnun á samskiptum þjónustukerfa

Laufey Jónsdóttir
framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu Vestfjarða

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu

-Fötluð börn og barnavernd – könnun á samskiptum þjónustukerfa-

Í stefnumótun félagsmálaráðuneytisins um þjónustu við fötluð börn og fullorðna 2007-2016, kemur meðal annars fram:

“að sveigjanleiki í þjónustunni verði tryggður og að ábyrgð á þjónustunni sé samhæfð hjá einum þjónustuaðila og að stærsti hluti félagslegrar þjónustu sveitarfélaga og ríkis verði samhæfður með það fyrir augum að skipulag og framkvæmd verði skýrari og markvissari”

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu

-Fötluð börn og barnavernd – könnun á samskiptum þjónustukerfa-

Tilgangur verkefnisins:

- Að beina sjónum að samskiptum þjónustukerfa er koma að þjónustu við fötluð börn
- Reynt var að varpa ljósi á með hvaða hætti kerfin koma að þjónustu við fötluð börn þegar meta þarf hvort um er að ræða úrræði á grundvelli barnaverndarlaga eða samkvæmt öðrum lögum
- Að draga fram hvort mismunur er á viðhorfum og vinnubrögðum milli þjónustukerfa
- Að kanna viðhorf til þess hvenær fötlun barns hefur þau áhrif að beita þurfi úrræðum skv. barnav.lögum

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu

-Fötluð börn og barnavernd – könnun á samskiptum þjónustukerfa-

Þátttakendur:

- Barnaverndarstofa,
- Barnavernd Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Rangárbings eystra, Vesturbyggðar, Fljótsdalshéraðs og Ísafjarðar
- Svæðisskrifstofur á Vesturlandi, Reykjavík, Suðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum
- Barnavernd Akureyrarbæjar, Þingeyjarsýslu, Hornafjarðarbæjar, Vestmannaeyjabæjar og Skagafjarðar

Spurningar voru sendar til 18 þjónustukerfa og 17 svöruðu sem er 94,4% þátttaka

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu

-Fötluð börn og barnavernd – könnun á samskiptum þjónustukerfa-

Skilgreining helstu hugtaka:

- Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra – **“félagsþjónusta ríkisins”**
- Sveitarfélög sem tekið hafa að sér þjónustu við fatlaða – **“sveitarfélög með samning”**
- Almenn sveitarfélög sem starfa samkvæmt almenntri félagsþjónustu – **“barnavernd sveitarfélaga”**
- Barnaverndarstofa

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu

-Fötluð börn og barnavernd – könnun á samskiptum þjónustukerfa-

Val á viðfangefni:

- Er félagsþjónusta ríkisins yfirleitt að vísa málum til barnaverndarnefnda og leysir þess í stað málin sjálf?
- Eru starfsmenn barnaverndar sveitarfélaga að vísa málum frá og gera ráð fyrir að ef barn er fatlað, þá eigi félagsþjónusta ríkisins að sjá um alla þjónustuna?
- Eru sveitarfélög með samning að vinna barnaverndarmál við fötluð börn með öðrum hætti en hjá hinum þjónustukerfunum?

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu

-Fötluð börn og barnavernd – könnun á samskiptum þjónustukerfa-

Rannsóknarspurningar

- Er skipulegt samstarf milli barnaverndarnefnda og félagsþjónustu ríkisins?
- Hvernig eiga tengsl barnaverndarnefnda að vera við fötluð börn sem tengjast félagsþjónustu ríkisins?
- Geta þarfir barns orðið það miklar sökum fötlunar að nauðsynlegt sé að beita úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum til að tryggja velferð þess?

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu

-Fötluð börn og barnavernd – könnun á samskiptum þjónustukerfa-

- Njóta fötluð börn sömu réttinda varðandi barnavernd og önnur börn?
- Eiga barnaverndarnefndir að hafa eftirlit með stofnunum á vegum ríkisins þar sem fötluð börn vistast um lengri eða skemmri tíma?
- Eru mál fatlaðra barna leyst með öðrum hætti hjá þeim sveitarfélögum sem hafa tekið að sér þjónustu við fatlaða en hjá hinum sveitarfélögum?

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu

-Fötluð börn og barnavernd – könnun á samskiptum þjónustukerfa-

Helstu niðurstöður rannsóknarspurninganna:

Fjöldi tilkynninga, ástæður og flokkunarkerfi-

- Fáar tilkynningar frá félagsþjónustu ríkisins til barnaverndarnefnda
- Sveitarfélög með samning sinna mun fleiri málum fatlaðra barna á grundvelli barnaverndar
- Flokkun tilkynninga – sérstakt eyðublað frá Barnaverndarstofu er notað og ekki gert ráð fyrir að fötlun barns geti verið sérstakur valkostur heldur má leiða líkum að því að slík mál séu flokkuð undir “annað ótilgreint”

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu
-Fötluð börn og barnavernd – samvinna þjónustukerfa-

Samstarf:

- Skipulegt samstarf er ekki mikið milli barnaverndar sveitarfélaga og félagsþjónustu ríkisins
- Sveitarfélög með samning vinna með mun fleiri mál á grundvelli barnaverndar og þar er samstarf náið milli starfsmanna og sérþekking á málefnum fatlaðra barna er til staðar innan sveitarfélaga

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu
-Fötluð börn og barnavernd – samvinna þjónustukerfa-

Hlutverk, verkefni:

- Skoðanir eru mjög skiptar um það hvort barnaverndar-
yfirvöld eigi að hafa eftirlit með stofnunum sem vista
fötluð börn um lengri eða skemmri tíma t.d. skamm-
tímavistanir, stuðningsfjölskyldur
- Aðilar sammála um að við val á stuðningsfjölskyldum
fyrir fötluð börn eigi að gilda sömu reglur og gilda hjá
barnaverndarnefndum.
- Það sjónarmið kemur fram að Barnaverndarstofa eigi
að annast slíka úttekt á fjölskyldum með sama hætti og
gert með fjölskyldur á þeirra vegum

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu
-Fötluð börn og barnavernd – samvinna þjónustukerfa-

Þarfir og réttindi:

- Skoðanir skiptar á því hvort þarfir barns geti verið það miklar sökum fötlunar að nauðsynlegt geti verið að beita úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum til að tryggja velferð þess
- Barnaverndir sveitarfélaga = fötlunin ein og sér er ekki nægjanleg ástæða til afskipta barnaverndarnefndar
- Sveitarfélög með samning = það verður að koma til vanræksla eða ófullnægjandi uppeldisskilyrði ef vísa á máli fatlaða barnsins til barnaverndar
- Félagsþjónusta ríkisins = telur nauðsyn á auknum afskiptum barnaverndar í slíkum tilvikum

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu
-Fötluð börn og barnavernd – samvinna þjónustukerfa-

- Flest kerfin sammála um að fötluð börn njóti barnaverndarréttinda eins og önnur börn
- Mögulega njóti fötluð börn ekki réttinda samkvæmt barnaverndarlögum þar sem sérþjónusta við fatlaða er öflug og virk og því tilhneiging að leysa málin á þeim vettvangi
- Er félagsþjónusta ríkisins þá að vinna samkvæmt lögum – eru starfsmenn hennar nægjanlega meðvitaðir um tilkynningarskylduna?
- Er félagsþjónusta ríkisins það öflug og sterk og með því að veita viðhlítandi stuðningsúrræði er komið í veg fyrir að mál barnsins verði að barnaverndarmáli?
- Er barnavernd sveitarfélaga nægjanlega burðug til að taka á málum fatlaðra barna – vantar mögulega sérþekkingu á málefnum fatlaðra til að takast á við málin?

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu
-Fötluð börn og barnavernd – samvinna þjónustukerfa-

Yfirstjórn:

- Allir sammála um að ein yfirstjórn auðveldi vinnubrögð í vinnslu barnaverndarmála fyrir fötluð börn og einnig til að byggja upp heildstæða þjónustu
- Þó þarf að hafa í huga að við slíkar aðstæður geti komið upp ákveðinn túlkunarvandi og starfsmenn eigi erfitt með að ákveða hvort úrræði við barnið og fjölskyldu þess eigi að heyra undir barnavernd eða undir almenna félagsþjónustu

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu
-Fötluð börn og barnavernd – samvinna þjónustukerfa-

Mat rannsakanda:

- Ósamræmi virðist vera á milli þjónustukerfa um úrvinnslu mála
- Betur virðist skilgreint hvenær mál fatlaða barnsins er barnaverndarmál þegar yfirstjórn er á einni hendi
- Samstarf milli félagsþjónustu ríkisins og barnaverndar sveitarfélaga er ekki skipulegt og hlýtur að leiða til þess að mál fatlaða barnsins er leyst með þeim hætti sem best þykir henta hverju sinni en ekki endilega á grundvelli heildarstefnu og löggjafar
- Félagþjónusta ríkisins er að sinna fötluðum börnum samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og oft óljóst hvort tilefni sé til að vísa máli barnsins áfram til barnaverndar

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu
-Fötluð börn og barnavernd – samvinna þjónustukerfa-

- Vinnulag í barnaverndarmálum fatlaðra barna virðist vera mismunandi eftir því hvar á landinu barnið býr og hverskonar stjórnskiplag er ríkjandi
- Fáar rannsóknir virðast hafa verið gerðar um samspil og samstarf þeirra þjónustukerfa sem koma að þjónustu við fötluð börn
- Skilgreining á því hvenær fötlun barns er orðin það víðtæk að hún er farin að hafa veruleg áhrif á fjölskylduna, er ekki skýr og mismunandi túlkun virðist vera í gangi milli þjónustukerfa

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu
-Fötluð börn og barnavernd – samvinna þjónustukerfa-

- Sérþekking á fötlunum barna virðist oft á tíðum vanta innan barnaverndarkerfisins sem gæti leitt til þess að síður sé tekið á málum fatlaða barnsins og horft meira á fötlunina og þau úrræði sem gilda samkvæmt sérlögum
- Félagsþjónusta ríkisins og barnavernd sveitarfélaga virðast hafa takmarkaðar upplýsingar um verkefni hvors annars
- Mögulega blandast hér inn fjárhagslegir þættir og hin alþekktu togstreita milli þjónustukerfa um hver eigi að greiða fyrir þjónustuna

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu
-Fötlun börn og barnavernd – samvinna þjónustukerfa-

Tillögur og ábendingar um aðgerðir:

- Endurskoða þyrfti núverandi flokkunarkerfi í barnaverndarmálum og gera ráð fyrir að fötlun geti verið einn af áhættuþáttum í barnaverndarmáli
- Auka þarf skilgreiningar og skipulag í barnavernd og meðal annars þarf að skilgreina hverjir eru áhættuþættir endurtekens misbrests í uppeldi barna og skoða þá áhættuþætti með tilliti til fötlunar barna

Mótum framtíð

Stefnur og straumar í félaslegri þjónustu
-Fötluð börn og barnavernd – samvinna þjónustukerfa-

- Auka og efla þarf rannsóknir á þessu sviði. Meðan svona fáar rannsóknir eru til verður illa hægt að byggja upp einhvern þekkingarbanka sem hægt væri að nota til áframhaldandi uppbyggingar á sviði barnaverndar fatlaðra barna
- Ein og sama yfirstjórn = samstarf milli þjónustukerfa betra
- Markvisst samstarf milli þjónustukerfa er lykilatriði til að tryggja að fötluð börn og fjölskyldur þeirra fái þá þjónustu sem best hentar hverju sinni og er samkvæmt gildandi lögum